



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

stjornarradid.is

Kópavogsbær
Pálmi Þór Másson, bæjarritari
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík 16. desember 2022
Tilv.: IRN22120057/7.19.1

Vísað er til erindis Kópavogsbæjar, dags. 9. desember 2022, þar sem sótt er um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna úttektar og greiningar á rekstri málaflokks fatlaðs fólks í sveitarfélaginu. Fram kemur í erindinu að sveitarfélagið hafi ráðið HLH ráðgjöf til verksins og að kostnaður sé áætlaður 10.950.000 kr. án virðisaukaskatts.

Erindið var tekið til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 15. desember 2022, og samþykkti nefndin að veita sveitarfélaginu framlag allt að 10.950.000 kr. vegna framangreindrar úttektar. Þá er þess farið á leit við sveitarfélagið að Jöfnunarsjóði verði sendar niðurstöður úttektarinnar og að sjóðnum verði send afrit af reikningum sem greiddir verða vegna hennar.

Fyrir hönd ráðherra


Guðni Geir Einarsson


Guðstaf Aron Guðstafsson

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026